



Minnisblað 18. desember 2012

Til: Atvinnuveganefndar Alþingis

Frá: Óðni Sigbórssyni 
og Sigurði Jónssyni, 
Landssamtökum landeigenda á Íslandi

Með tölvubréfi hinn 28. nóvember s.l. var þess óskað að fulltrúar Landssamtaka landeigenda á Íslandi mættu á fund hjá atvinnuveganefnd Alþingis og gerðu grein fyrir athugasemdum og sjónarmiðum landssamtakanna varðandi tilteknar greinar frumvarps til nýrra stjórnskipunarlaganna sem nú liggur fyrir Alþingi.

Þar sem dagskrá þingsins hefur riðlast og ennþá hefur ekki orðið af fyrirhuguðum fundi telja landssamtökin, rétt á þessu stigi, að vekja athygli nefndarinnar á nokkrum atriðum í frumvarpinu sem við teljum að skoða þurfi nánar.

1. Um 13. gr. Eignarréttur.

Orðalag 1. mgr greinarinnar er það sama og orðalag 1. mgr 72 gr. gildandi stjórnarskrár og eru landssamtökin sammála því að ekki sé ástæða til breytinga þar á. Á hinn bóginn er ráðgert að fella brott 2. mgr. 72. gr. núgildandi stjórnarskrár um heimild til að takmarka rétt erlendra aðilja til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtækjum hér á landi. Landssamtökin vara við því að þessi heimild verði felld brott úr stjórnarskrá í ljósi þess brothætta ástands sem nú er í efnahagsmálum þjóðarinnar. Engin ástæða er til þess að gefa löggjafanum frjálsar hendur að þessu leyti. Má hér vísa til þess að ekki hefur verið leyst úr uppjöri við erlenda vogunarsjóði. Nauðsyn ber að líta til smæðar þjóðarinnar í þessu sambandi og til þess að erlendir aðilar geta í krafti fjármagns náð hér óeðlilegum ítökum í atvinnulífi landsins. Því geta þær aðstæður skapast að efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar kunni að vera í hættu.

2. Um 23. gr. Atvinnufrelsi.

Gerð er athugasemd við hin matskenndu ákvæði greinarinnar. Þessi athugasemd á einnig við fjölmargar aðrar greinar frumvarpsins sem ekki eru til umræðu hér. Í frumvarpinu er horfið frá þeirri meginreglu í gildandi stjórnarskrá að einstök ákvæði séu skýr að lögum. Hin matskenndu ákvæði frumvarpsins munu óhjákvæmilega leiða til óvissu og þurfa mun atbeina dómstóla um hvernig beri að túlka þau. Þetta er að okkar mati röng nálgun þegar um grundvallarlög er að ræða.

3. Um. 34. gr. Náttúruauðlindir.

Landssamtök landeigenda gera alvarlega athugasemd við þessa grein. Orðalag greinarinnar er að hluta bæði yfirdrifið og þar eru of margar endurtekningar þannig að jaðrar við skróðmælgri frekar en þann hnitmiðaða lagatexta sem á að vera í grundvallarlögum. Þannig er til dæmis orðinu ævarandi ofaukið í ljósi ákvæða þeirrar málsgreinar sem á eftir kemur. Þá er upphaf 2. mgr. ruglingslegt þar sem orðið sameign þjóðarinnar skv. 1. mgr. er skýrt sem þjóðareign. Varað er við notkun orðins þjóðareign í stjórnarskrá, þar sem það hefur ekki gildi að lögum og er að mati landssamtakanna beinlínis til þess fallið að valda ruglingi og truflun á ríkjandi skilningi á friðhelgi og inntaki eignarréttar. Nær væri að í stað orðisins „þjóðareign“ kæmi orðið auðlindir enda verið að vísa til auðlinda þeirra sem getið er í 1. málsgreininni .

Þá er vakin athygli á að samkvæmt beinu orðalagi greinarinnar og þeim skýringum sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu, þar sem fjallað er um þær auðlindir sem skilgreindar eru sem sameign þjóðarinnar og óheimilt er að láta af hendi, tekur ákvæðið ekki til þeirra auðlinda sem nú eru í eigu íslenska ríkisins og eru utan þjóðlendu. Með því að gera ekki greinarmun á opinberum eignarrétti og einkaeignarrétti er ljóst að auðlindir utan þjóðlendu sem ríkið hefur eignast s.s. fallréttindi Fossafélagsins Títans og Gullfoss teljast ekki til sameignar þjóðarinnar samkvæmt frumvarpinu.

Þá gera landsamtökin alvarlega athugasemd við síðustu ákvæði 2. gr. sem gengur gegn eignarétti sem nú er markaður með lögum nr. 57/1998 og varinn er í gildandi stjórnarskrá. Í Rauninni er þetta ákvæði óþarft ef eitthvað er að marka hugmynd höfunda eins og fram kemur í skýringum við ákvæðið um að ekki eigi að breyta „ríkjandi réttarástandi“. Til skýringar er síðan vitnað til dóma Hæstaréttar nr. 644 og 645/2006 (jarðefni úr jarðgöngum) er varða bótaskyldu. Að mati landssamtakanna er það fráleitt að taka nú upp í stjórnarskrá ákvæði sem er til þess fallið að takmarka rétt eigenda í eignarlöndum til auðlinda undir yfirborði jarðar sem til þessa hefur ekki verið háður neinum takmörkunum. Þannig væri í raun um eignaupptöku að ræða ef slíkt ákvæði yrði fest í stjórnarskrá.

Að mati landssamtakanna er tilvísun í ofangreinda hæstaréttardóma sem rökstuðnings fyrir því að takmarka eignarrétt manna að auðlindum í eignarlöndum sínum beinlínis villandi. Í þessum tveimur málum kemst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að verðmæti jarðefnis sem var numið úr jörðu við jarðgangnagerð sé minni en kostnaðurinn við að sækja efnið í iður jarðar. Eins og segir í dómnum: *“Væri hafið yfir allan vafa að efnisnámið hefði ekki geta gefið af sér arð og yrði því að leggja til grundvallar að verðmæti efnisins í jörðu hefði ekkert verið. Gæti jarðgangaeefnið af þeirri ástæðu ekki fallið undir hugtakið auðlind samkvæmt 3. gr. laga nr. 57/1998 og félli því utan við það sem teldist*

eign R undir yfirborði lands hans. Var V þannig heimilt að taka efnið og nýta það. „ Landssamtökin telja að ótvírætt megi nota þennan dóm til þess að rökstyðja þá niðurstöðu, sem er í samræmi við ákvæði laga 57/1998, að verðmæt jarðefni sem vinna má úr jörðu á eignarlandi séu eign landeiganda, sama hversu djúpt þarf að sækja þau. Hefði jarðefnið sem Vegagerðin nýtti þannig verið verðmætara en sá kostnaður sem fólst í að sækja það hefði landeiganda borið að fá bætur.

Landssamtökin telja ljóst að megintilgangur þess ákvæðis sem hér er til umfjöllunar hljóti að vera sá að tryggja að eignarhald og yfirráð þeirra auðlinda, sem þjóðina varða miklu, verði ávallt á forræði íslensku þjóðarinnar. Svo fremi sem það er tryggt þá sé það hver fer með eignarréttinn sjálfan minna atriði, enda getur löggjafinn sett honum eðlilegar skorður hverju sinni. (skipulag, leyfisskylda, nábylisréttur, náttúruvernd ofl.)

Að mati Landsamtakanna skýtur það skökku við að ekki eru í frumvarpinu settar neinar skorður við því að hægt verði að framselja ríkisvald eða fullveldisrétt yfir þeim auðlindum sem eiga samkvæmt frumvarpinu að teljast ævarandi eign þjóðarinnar til annara ríkja eða ríkjabandalaga(EU). Þannig virðist landssamtökunum nokkuð ljóst að heimild sem kemur fyrir í 111. gr. frumvarpsins til að framselja ríkisvald (fullveldi) taki ótvírætt til þess, að ef þessar tillögur verða að stjórnlögum, verði einföldum meirihluta Alþingis heimilt að framselja fyrrgreind réttindi yfir auðlindum þeim sem að framan eru taldar. Þetta er ótækt í ljósi þess hversu rýrar kröfur eru gerðar til þess að slíkt framsal nái fram að ganga. Vísað er til sambærilegra ákvæða í stjórnarskrám annarra þjóða þar sem m.a. er gerð krafa um samþykki aukins meirihluta þings og þjóðar til samþykkis í þeim málum er varða framsal fullveldis og ríkisvalds.

Landssamtökin leggja því þunga áherslu á að við 111. greinina bætist svohljóðandi setning:

Aldrei má þó framselja ríkisvald yfir þeim auðlindum sem eru í sameign þjóðarinnar sbr. 34.gr.

Landssamtökin eru fús til þess að svara hverskonar fyrirspurnum nefndarmanna og til þess að koma til fundar hjá nefndinni verði þess óskað.